


Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 00	K/S 9.12.17
Ábm.	Syfr.
Afgr.	Bréf () St.
Lvm.	Trm.



BYGGIÐN
Félag byggingamanna

Sveitastjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Kristófer Tómasson

Árnesi

801 Selfossi

Reykjavík 27. nóvember 2017

Ágæti sveitastjóri

Byggiðn – Félag byggingamanna er að vinna að því að skýra landamörk jarðar sinnar að Stóra Hofi, Gnúpverjahreppi skv. 47 gr. skipulagslaga.

Félaginu þykir rétt að halda embætti þínu upplýstu um fyrirætlan sína ef einhverjar fyrirspurnir berast til embættisins.

Því eru afrit af bréfi sem sent er til eigenda aðliggjandi jarða og landamerkjálýsingar sendar með.

Með félagskveðju

Finnbjörn A. Hermannsson

Formaður Byggiðnar

Til landeigenda með landamörk að landi Stóra Hofs í Gnúpverjahreppi.

Reykjavík 27. nóvember 2017

Ágæti landeigandi

Byggiðn, Félag byggingamanna (áður Trésmiðafélag Reykjavíkur) keypti jörðina Stóra Hof í Gnúpverjahreppi 1991. Tilgangur kaupanna var að búa til orlofsaðstöðu fyrir félagsmenn sína. Nú á félagið 2 bústaði sem það notar til útleigu, tjaldsvæði sem er til afnota fyrir félagmenn og sal sem rýmir 120 manna samkomu (Skemmuna). Auk þess hefur verið skipulagt land og útbúnir vegir að 65 lóðum til langtímaleigu fyrir félagsmenn. Af þessum lóðum er byggt, eða byrjað að byggja á 34 lóðum.

Félagið og félagsmenn hafa kappkostað að hafa sem besta samvinnu við heimamenn og erum mjög ánægðir með þær móttökur sem við höfum fengið af hálfu „sveitunga“ og sveitarfélagsins.

Til að viðhalda góðum samskiptum til framtíðar viljum við eiga frumkvæði að skilgreiningu landamerka Stóra Hofs við aðliggjandi jarðir. Til grundvallar þeirri afmörkun er stuðst við landamerkjálýsingar viðkomandi jarða sem gerðar voru á árunum 1880-1890 og flestir landeigendur kannast við. Að því er við best vitum eru landamerki ágreiningslaus gagnvart öllum nágrannajörðum Stóra Hofs. Með nýjum hnittsettum loftmyndum er hægt að fáera landamerki nákvæmlega inn á loftmyndakort en frá fornu fari var gjarnan miðað við gömul örnefni og kennileiti í umhverfinu. Þeir sem þau þekkja fer óðum fækkandi og því mikilvægt að mati Byggiðn að skrá landamörk með sem skýrustum hætti.


Þó Byggiðn eigi frumkvæði að þessari vinnu er aðliggjandi jarðeigendum hún að kostnaðarlausu og að fullu leyti í samræmi við 47. gr. Skipulagslaga þar sem segir; „*Sveitarstjórnir skulu láta gera skrá yfir allar jarðir, lönd og lóðir innan sveitarfélags í landeignaskrá sem skal vera hluti af [fasteignaskrá].¹⁾ Skrá þessi skal hafa tilvisun í afmörkun og eignarhald í samræmi við þinglýstar heimildir. Gefa skal öllum götum, vegum og torgum í sveitarfélagi heiti.*“

Þegar samkomulag er komið á um landamörk verður framhald málsins að því verður beint til skipulagsnefndar í uppsveitum Árnessýslu og sveitarstjórnar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem staðfestir mörkin.

Við teljum að hér sé um gagnkvæma hagsmuni að ræða og því viljum við biðja ykkur um að skoða meðfylgjandi kort sem gert er eftir þeim gögnum sem liggja fyrir hjá sýslumannsembættinu á Selfossi og víðar. Á teikningunni eru tilgreindar þær heimildir sem stuðst er við en Landform Landslagsarkitektar á Austurvegi 6, Selfossi hafa unnið þessi kort fyrir félagið. Fulltrúar félagsins eru tilbúnir að mæta á fund með ykkur vegna þessa máls, svo og ef þið hafið betri eða fyllri upplýsingar í málinu að koma á fundi með ykkur eða ykkar fulltrúa hjá Landformi á Selfossi.

Formaður félagsins mun hafa samband við ykkur á næstu dögum vegna málsins.

Með félagskveðju



Finnbjörn A. Hermannsson

Formaður Byggiðnar- Félags byggingamanna.

Afrít sent:

Sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Kristófer Tómasson, Árnes 801 Selfoss